

Sp.

1332. Nefndarálit

[449. mál]

um till. til þál. um að sjávarútvegsráðuneyti fari með fiskiræktarmál.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Búnaðarfélagi Íslands, sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti. Nefndin hefur jafnframt fjallað um tvær aðrar tillögur um fiskeldismál, þ. e. 427. mál og 476. mál.

Ríkisstjórnin hefur að undanfögnu haft til meðferðar ýmsa þætti fiskeldismála. Nefndin telur rétt að sá þáttur í stjórn þessara mála, sem tillaga þessi fjallar um, komi til athugunar við undirbúning löggjafar um þessi mál. Í trausti þess að ríkisstjórnin hraði stefnumörkun og undirbúningi löggjafar í málinu þannig að unnt verði að leggja fyrir næsta löggjafarþing frumvarp til laga um skipan fiskeldismála, þ. á m. um eflingu og endurskipulagningu fisksjúkdómavarna, mengunarmál og rannsóknarstarfsemi, leggur nefndin til að tillögunni **verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. júní 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
form., frsm.

Kristín S. Kvaran,
fundaskr.

Garðar Sigurðsson.

Eggert Haukdal.

Jóhanna Sigurðardóttir,
með fyrirvara.

Björn Dagbjartsson.

Þórarinn Sigurjónsson.